



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2016-133U023**

Dagsetning: **30. október 2016**

Staðsetning: **Suðurlandsvegur við Fagurhólsmýri**

Atvik: **Bílfelta**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Staðsetning



Látin:

17 ára karlmaður

Veður og birta:

Hiti 8°C, SV 9 m/s, myrkur

Vegur:

Tveggja akreina vegur með bundnu slitlagi. Þurrft yfirborð. Hámarkshraði 90 km/klst
Meðaltalsumferð á sólarhring er 1300 ökutæki

Tími sólarhrings:

03:00-06:00

Ökutæki:

Toyota Land Cruiser 90 nýskráð árið 2001

Samantekt

Þann 30. október 2016 hafði Toyota bifreið verið ekið Suðurlandsveg í vesturátt skammt frá Fagurhólsmýri. Vegurinn á þessum stað liggur í hægri beygju miðað við akstursátt ökumanns og lenti bifreiðin útaf veginum vinstra megin. Bifreiðin rakst síðan á brattan bakka og kastaðist við það nokkra vegalengd og valt í kjölfarið.

Ökumaður, sem var ekki spenntur í öryggisbelti, kastaðist út úr bifreiðinni. Hann hlaut banvæna fjölaverka og lést á slysstað.

Lýsing á slysi

Þann 30. október 2016 barst Neyðarlínunni tilkynning frá vegfaranda sem komið hafði að mikið skemmdri Toyota bifreið utan vegar skammt frá Fagurhólsmýri. Ökumaður bifreiðarinnar var einn í bifreiðinni og lá hann skammt frá henni. Var hann úrskurðaður látinn á vettvangi.

Vettvangsrannsókn leiddi í ljós að bifreiðinni hafði verið ekið vestur Suðurlandsveg í átt að Fagurhólsmýri á beinum vegkafla skömmu áður en komið er að hægri beygju á veginum. Í stað þess að fylgja beygjunni til hægri var bifreiðinni ekið því sem næst beint áfram og yfir akrein fyrir umferð úr gagnstæðri átt og þaðan útaf veginum vinstra megin.

Bifreiðin hefur í fyrstu haldist á hjólunum þar sem henni var ekið niður vegfláann og yfir lítinn læk. Hinum megin við lækinn rakst bifreiðin á brattan lækjarbakka og kastaðist þaðan rúmlega 50 metra. Í kjölfarið valt hún. Bifreiðin stöðvaðist á hjólunum um 167 metrum frá þeim stað sem hún fór fyrst útaf veginum.

Ökumaður bifreiðarinnar var ekki spenntur í öryggisbelti þegar slysið varð. Kastaðist hann út úr bifreiðinni og lést. Hann var undir áhrifum áfengis þegar slysið átti sér stað og hafði takmarkaða reynslu af akstri þar sem hann hafði aldrei öðlast ökuréttindi en var með útgefið leyfi til æfingaaksturs með leiðbeinanda.



Mynd 1: Myndin er tekin í akstursátt bifreiðarinnar. Keilan merkir staðinn þar sem bifreiðin fór útaf veginum. Rauður hringur er dreginn umhverfis Toyota bifreiðina og sýnir hvar hún stöðvaðist.

Ekki er vitað nákvæmlega hvenær slysið átti sér stað en engin vitni voru að slysinu sjálfu. Vitni gátu staðsett ökumann í um rúmlega 100 km fjarlægð frá slysstað fyrripart nætur. Nefndin telur slysið sennilega hafa átt sér stað á tímabilinu á milli klukkan 3 og 6 um nóttina.



Mynd 2: Myndin sýnir hvar bifreiðin stöðvaðist. Rauð ör táknar akstursátt ökumanns á veginum fyrir slysið.

Áverkar

Ökumaður var ekki spenntur í öryggisbelti og kastaðist út úr bifreiðinni. Hann hlaut banvæna fjörláverka í slysinu og lést á slysstað.

Ökutækin

Toyota bifreiðin var nýskráð árið 2001 og var með gilda skoðun. Bifreiðin var tekin til bíltæknirannsóknar eftir slysið. Ekkert kom fram í þeirri rannsókn sem gæti hafa orsakað slysið.

Ökuhraði

Hámarkshraði á vettvangi er 90 km/klst. Sérfræðingur var fenginn til hraðaútreiknings og var niðurstaðan að bifreiðinni hafi verið ekið á bilinu 109 km/klst til 132 km/klst.

Vegur og umhverfi

Vegurinn á þessum stað er með bundnu slitlagi og er ein akrein í hvora akstursátt. Vegurinn er í hægri beygju miðað við akstursátt þar sem bifreiðin fór útaf. Stefnuörvar með endurskini voru í ytri vegkantinum á beygjunni til að vekja athygli ökumanna á henni.

Frá því að slysið átti sér stað hafa úrbætur verið gerðar á vegmerkingum á þessum stað. Áður en komið er að beygjunni eru umferðarmerki sem vara við hættulegri hægri beygju og leiðbeinandi hraði upp á 70 km/klst er nú sýndur á skilti fyrir beygjuna.

Áfengis- og lyfjaprófanir

Niðurstaða áfengis- og lyfjaprófana sýndi að ökumaður bifreiðarinnar var undir áhrifum áfengis þegar slysið átti sér stað.

Orsakagreining

- Ökumaður bifreiðarinnar ók undir áhrifum áfengis
- Ökumaðurinn var ekki spenntur í öryggisbelti
- Ökumaður ók of hratt
- Ökumaður hafði ekki öðlast almenn ökuréttindi en hafði heimild til æfingaaksturs með leiðbeinanda

Ábendingar

Of hraður akstur

Rannsóknarnefnd samgönguslysa (áður Rannsóknarnefnd umferðarslysa) hefur áður fjallað um hraðakstur og afleiðingar hans í skýrslum sínum. Of hraður akstur hefur verið ein af algengustu ástæðum banaslysa í umferðinni og ítrekar nefndin mikilvægi þess að ökumenn aki eigi hraðar en hámarkshraði og aðstæður leyfa.

Ölvunarakstur

Undanfarin ár hefur ölvunarakstur einnig verið algeng orsök banaslysa í umferðinni. Eins og alþekkt er hafa vímuefni áhrif á dómgreind neytenda og skynjun umhverfis. Áfengismagn í blóði þarf ekki að vera mikið til að áhrifin skerði einbeitingu, sjónsvið minnkar og fjarlægðarskyn versnar. Eftir því sem ölvun eykst, lengist viðbragðstími og hreyfistjórnun og rökvísi skerðast.

Skýrsluna samþykkja:

Geirþrúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Brynjólfur Mogensen
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Inga Hersteinsdóttir

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Brynjar Stefánsson
Stjórnandi rannsókna

Reykjavík 24. maí 2018

Rannsóknarnefnd samgönguslysa